

Bækur og líf

Elín Jóhannesdóttir

Í leit að 'tímaþjófum'



Fyrir um það bil ári síðan, er ég var nýkomin að utan úr námi, lenti ég í þeirri aðstöðu að vera atvinnulaus í fyrsta skipti á ævinni. Reynslan var ekki skemmtileg og fólst aðallega í stöðugri bið eftir því að eitthvað færi nú að 'gerast', sem og leit að einhverju til að

hafa að gera þess á milli. Ráðgjafarnir sögðu að mikilvægast væri að hafa nóg fyrir stafni, svo eftir að hafa þrifið íbúðina hátt og lágt, þvegið og straujað hvert eitt og einasta stykki úr fataskápnum, yfirfarið og endurraðað í alla skápa og skúffur var kominn tími að ráðast á bókaskápana. Það var líka orðið viðkvæðið að vinir og kunningjar réttu mér bók í hvert sinn er ég kvartaði yfir atvinnuleysisinu svo á endanum var ég kominn með dágóðan bókastafla. Hófst svo lesturinn. Þetta var æðislegt, ég las allt, allt milli himins og jarðar, hvort sem viðfangsefnið var Harry Potter eða Jónas Hallgrímsson, það var æðislegt að eiga tíma til að lesa (hlaut að auki ómælda aðdáun bróðursonar míns fyrir Potterþekkinguna). Þetta mun hljóma eins og ég hafi aldrei lesið bók fyrr, en eftir krefjandi framhaldsnám var yndislegt að vera að lesa án þess að þurfa að leggja allt á minnið – og það merkilega er að þá gerist það sjálfkrafa. Góð skáldsaga hrífur þig með sér, eiginleiki sem er sjaldnar fundinn í námsbókum. Allt í einu varð atvinnuleysið eins og forréttindi, það að eiga tíma til að lesa. Á þessum tíma kynntist ég fyrst bókum Arnaldar Indriðasonar. Varð einlægur aðdáandi og las allt sem maðurinn hafði skrifað, að minnsta kosti skáldsögurnar. Það sem mér finnst skemmtilegast við bækur Arnaldar er hversu myndrænar þær eru. Maður sér allt svo ljóslifandi fyrir sér, líkt og þegar maður les bókina eftir að hafa séð kvikmyndina. Ég sé fyrir mér litlu safnaraíbúðina hans Erlendar í Breiðholtinu, finn lyktina heima hjá Elínborgu, þegar hún á von á öllu tengdafólkinu í mat, og veit nákvæmlega að hver hlutur á sinn stað heima hjá Sigurði Óla og Bergþóru. Ráðgátan – morðgátan – er

aldrei auðleyst og á oftast djúpar rætur í fortíðinni. Fléttur sögunnar eru oftast tvær eða þrjár, annað mál er tengist rannsókninni beint eða óbeint, svo og sálarstríð Erlendar og barna hans. Eins og mér þykir orðið vænt um Erlend og co. er Napóleons skjöldin sú bók Arnaldar sem er hvað mest í uppáhaldi hjá mér, kannski vegna þess að hún er ekki um hið þaulreynda þríeyki. Málið snýr líka öðruvísi við lesandanum, þ.e. við vitum alltaf örlítið meira en stúlkan úr Utanríkisráðuneytinu sem lendir í öllum hremmingunum. Napóleons skjöldin er heldur ekki bara skáldsaga heldur líka kvikmynd og það stórkostleg kvikmynd. Maður sér fyrir sér glæsilegar hasarsenur upp á Vatnajökli, eltingaleik á Miðnesheiði, slagsmál á Kaffi Austurstræti, það er meira að segja rúmsena, allt sem tilheyrir Hollywood fyrirmyndinni, að ógleymdum íslensku náttúruskotunum. Skilst að Baltasar sé kominn með kvikmyndaréttinn. Myndin gæti þó stórlega skaðað samskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Eftir þriggja mánaða atvinnuleysi var síðan sælan búin. Í dag leita ég ekki að tímaþjófum, þeir eru alls staðar, heldur að tíma fyrir mig og þá sérstaklega tíma til að lesa.

Árni Sigurjónsson

Hver er þessi maður?



Í ferðalagi í haust komst ég að því í flugstöðinni að bókin sem ég ætlaði að lesa á leiðinni hafði lent í ferðatöskunni svo mig vantaði kilju fyrir þetta átta stunda langa flug. Flugferðin varð skemmtileg, enda rambaði ég þarna á bók

eftir Philip Roth sem heitir *The Human Stain* (2000) og kláraðist hún raunar ekki fyrr en við landingu á heimleiðinni. Þessi saga fjallar um háskólakennara sem er bandarískur blökkumaður, nægilega hvítur á hörund til að geta villt á sér heimildir og hefur verið talinn hvítur allt frá því hann hóf háskólanám. Ofaná þessa þverstæðu bætist að hann stígur á strík

pólítísks rétttrúnaðar með afdrifaríkum hætti; tveir af nemendum hans hafa ekki sést í tímum þegar fimm vikur eru liðnar af önninni og karlinn missir þá útúr sér orðin „Þekkir einhver þetta fólk? Er það til eða eru þetta draugar?"; en það hefði hann ekki átt að segja, því orðið sem hann notar um drauga (spooks) er líka haft í niðrandi merkingu um svertingja og það kemur einmitt á daginn að þessir tveir skrópagemsar reyndust vera svertingjar. Atvikið leiðir til þess að kennarinn verður að segja af sér.

Það sem mér fannst einna áhugaverðast við þessa sögu er spurningin um hver þessi maður er, og er svarið ekki augljóst því hann er einhvern veginn á mörkunum, svertingi og þó ekki svertingi, ótækur og útlægur úr búðum hvítra sem svartra, grunaður um hræðilegan glæp: að vera það sem hann er. En því má bæta við að nú er verið að gera kvikmynd eftir þessari sögu með Anthony Hopkins og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.

Í desember las ég bókharndrit eftir Sally Magnusson sem skrifar um ættir sínar á Íslandi, hún á skoska móður og faðir hennar, Magnús Magnússon sjónvarpsmaður, flutti til Skotlands nokkurra mánaða gamall og hefur búði þar síðan. Sagan er eins konar pílgrímsferð til Íslands og undir mallar þessi sama spurning: Hver er þessi maður? Hver er þessi ferðalangur sem hvorki er skoskur né íslenskur og þó hvort tveggja? Þarna finnst mér sem höfundurinn sé að leita að sjálfum sér og sé svona dálítið á mörkunum eins og prófessorinn hjá Roth, milli tveggja heima. Sú var tíðin að mörgum Íslendingum fannst eins og þeir sem flyttu frá landinu væru að einhverju leyti forkastanlegir, að þeir hefðu svikið landið, jafnvel gefist upp frammi fyrir þrengingum, en einnig stendur ofarlega í okkur að þeir sem fara utan og ná frægð séu óskaplegar hetjur. Voru Gunnar Gunnarsson og Jóhann Sigurjónsson að bregðast Íslendingum með því að skrifa á dönsku á sínum tíma eða voru þeir að sigra heiminn og afla okkur frægðar? Hvað með Ameríkufarana, eru Vesturíslendingar íslenskir eða kanadískir? Þeir eru á mörkunum, sumir þeirra hafa tveggja heima sýn eða sína eigin sýn og hún getur verið frjó; og má nefna vesturíslenska höfundinn Bill Holm í þeirri andrá sem skrifar skemmtilega um landa okkar vestanhafs í *The heart can be filled anywhere on earth* (1997).

Á undanförunum árum hafa margir höfundar hafa verið að pæla í mörkum þjóðernis og mörkum kynþátta, og þá ekki síður í markalínunum kynferðis eins og fram kemur í skrifum íslenskra nýraunsæishöfunda um kynjahlutverk og í hommabókmenntum. Eina bók las ég um daginn sem kemur inn á þetta, *Sögu af stúlku* (1998) eftir Mikael Torfasón. Þarna segir frá unglingsstúlku sem er kynskiptingur og var gerð á henni kynskiptaaðgerð þegar hún var í frumbersku af læknisfræðilegri nauðsyn. Hún glímir ekki aðeins

við þann vanda gelguáranna sem tengist því að breytast úr barni í fullorðinn heldur líka þann að vera fædd drengur en orðin að stúlku. Hver er þessi maður? verður því einnig grundvallarspurning þessarar bókar sem er vel skrifuð þó hún sé svolítið gróf á köflum.

Þessar ólíku bækur hafa ratað til mín af hálfgerðri tilviljun. En viðfangsefnið „Hver er þessi maður?“ er engin tilviljun og á sér rætur í fornöld, enda má benda á að Aristóteles skrifaði um það sem eitt af meginþemum harmleiksins, þegar kennsl eru borin á einhvern sem var óþekktur áður og kallaði hann það anagnórisis. Og frá Grikkjum höfum við líka hin fleygu orð, „Þekktu sjálfan þig“. Fólk er alltaf að reyna að botna í sér sjálfu og öðrum og á vissan hátt verða menn best skildir í ljósi andstæðra afla sem togast á eins og þegar tvö þjóðerni toga í Sally Magnusson og Bill Holm, tveir kynþættir toga í persónuna hjá Philip Roth, og tvenns konar kynferði toga á um Auði hjá Mikael Torfasyni. Og vissulega getur það verið upplagt efni í sögu þegar í ljós kemur að einhver reyndist vera annar en hann var áður talinn vera: Aha! Hann er þá úlfur en ekki amma, eins og Rauðhetta kemst að, eða eins og hjá Sófóklesi: Seisei! Svo Ödipus er þá sonur eiginkonu sinnar.

Ingibjörg Ósk Jónsdóttir, 11 ára

Skrýtna skráargatið



Ég fann þessa bók uppi í hillu hjá mér. Amma mín gaf mér hana og ég hélt að hún væri ekkert sérstök svo ég hafði ekki lesið hana. Svo fór ég að lesa hana og þá var hún bara rosalega skemmtileg.

Bókin er eftir Bente Koch. Hún er um dreng sem er að verða 14 ára. Drengurinn heitir Sveinn. Hann gengur í skóla en hann er samt ólæs og þekkir einu sinni ekki bókstafina. Sveinn á heima langt upp í sveit og ætlar sér að verða smiður. Hann ætlar að búa til fínustu lása í heimi. Þegar Sveinn er orðinn nógu gamall til að hætta í skólanum fer hann í höfuðborgina og býr til fína lása.

Dag einn er konungurinn í vandræðum. Peningarnir hans eru læstir inni í herbergi og lásinn á herberginu er alltaf að breytast í mismunandi bókstafi. Þá fer Sveinn til heimabæjar síns og biður gamla kennarann sinn að kenna sér bókstafina. Svo smíðar hann lykla eins og bókstafi og hjálpar konunginum að opna herbergið. Þegar þeir eru búnir að opna sjá